

Fráveitugjald

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna er heimilt að innheimta fráveitugjald af öllum fasteignum þar sem tenging er fyrir hendi við mörk fasteignar. Að jafnaði hefst innheimta við byggingarstig 4. Fráveitugjöld eru innheimt með fasteignagjöldum.

Fráveitugjald samanstendur af fastagjaldi á hverja matseiningu og gjaldi sem miðast við stærð eignar (fermetragjald) skv. fasteignaskrá. Hámark fráveitugjalds er 0,5% af fasteignamati skv. 15. gr. laga 9/2009. Liggja ekki fyrir upplýsingar um flatarmál fasteignar í fasteignaskrá skal gjaldið taka mið af fasteignamati, þ.e. vera 0,15% af fasteignamati matshluta. Bílskúrar og sambærilegt húsnæði sem stendur við íbúðarhús (á sömu lóð) er undanþegið fastagjaldi.

Heimilt er að innheimta sérstakt aukagjald ef frárennsli er svo mengað að það leiði til sérstakra aðgerða við fráveitukerfið, svo sem ef losun fer yfir skilgreind losunarmörk. Sérstakar aðgerðir geta einkum falið í sér sértæka hreinsun eða breytingu. Við ákvörðun gjaldsins skal miða við áætlaðan kostnað við aðgerðirnar (sjá nánar í skilmálum fráveitu og viðkomandi reglugerðum).

Fráveitugjöld eru undanþegin virðisaukaskatti.

Þar sem fráveitulögn er tengd rotþró annast Norðurorka viðhald og hreinsun rotþróarinnar enda greiði aðili fráveitugjald.

| Gerð húsnæðis | Fastagjald kr./matseiningu | Fermetragjald kr. /m ² /ár |
|--------------------------------|-------------------------------|--|
| Íbúðarhúsnæði | 11.261 | 266,10 |
| Annað húsnæði en íbúðarhúsnæði | 11.261 | 266,10 |

Tengigjald

Tengigjald vegna nýttingar fráveitu við einstaka fasteign er kr. 253.081. Verð miðast við skólplögn og regnvatnslögn (100-150 mm) sem lögð er að lóðamörkum.

Gert er ráð fyrir að fjölbýlishús, par- og raðhús o.s.frv. séu með óskipta lóð og einungis ein tenging er fyrir hverja lóð. Sé óskað eftir fleiri tengingum inn á lóð greiðist það skv. raunkostnaði.

Sé sótt um stærri heimlögn en getið er um hér að ofan þarf að snúa sér til Norðurorku með fyrirspurn um verð. Sama á við til dæmis í þéttingu byggðar í grónum hverfum þar sem tenging er ekki til staðar eða ef aðstæður eru óvenju erfiðar þannig að ætla má að tengikostnaður sé úr takti við almennar tengingar.